



Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir

Myndir: Klaudia Neupauerová

Vísindaferðir: Hvernig geta leiðsögumenn bætt sig í miðlun vísindalegra upplýsinga?

Inngangur

Leiðsögumenn geta spilað stóran hlut þegar kemur að því að vekja fólk til umhugsunar um loftslagsbreytingar. Algengt er að ferðamenn séu að upplifa jökla og óspillta náttúru í fyrsta skipti og því eru þær minningar sem skapaðar eru mikilvægar. Jöklar þjóna svipuðu hlutverki eins og ísbirnir þegar kemur að ímynd fólks af loftslagsbreytingum, eitthvað sem kemur efst í huga þegar hugsað er um loftslagsbreytingar. Að sjá það með eigin augum er því á listum framsækna og heimsvana ferðamanna, sem sjá ekki slíkar afleiðingar loftslagsbreytingar heima hjá sér. Leiðsögumenn geta svarað því kalli og oft vakið fólk til mikillar umhugsunar eða hvatt til aðgerða. Eftir allt saman er það í hag leiðsögumanna að hvetja til aðgerða gegn loftslagsbreytingum ef þeir vilja halda í jöklaleiðsögustarfið. Þessi skýrsla er skrifuð eftir heimsóknir í ferðapjónustufyrirtæki sumarið 2021 með þann tilgang að kanna hvernig leiðsögufyrirtæki í kringum Vatnajökul tækla loftslagsbreytingar sem umræðuefni.

Glacier Adventure - Jöklaferð

Haukur Ingi, umsjónarmaður Glacier Adventure fór með hóp af bandarískum krökkum í búdir upp á Breiðamerkurjökul í vel heppnaðri ferð. Krakkarnir voru frá ferðahóp sem kom til Íslands til þess að læra um loftslagsbreytingar, myndatökur og fleira, sem skapaði áhugasaman hóp.



Frásögn og leiðsögn

Haukur er framúrskarandi leiðsögumaður sem leggur mikla áherslu á persónulegar frásagnir sem tengja náttúruna við tímann og loftslagsbreytingar. Hann tekur atburði í náttúrunni og tengir þá við persónulega atburði, t.d. “Þegar amma mín var ung var jökullinn jafn hár og fjallið þarna”. Það gefur hlustendum mjög góða tengingu við tímann, þar sem ár og tími er eitthvað sem mannkynið á erfitt með að skilja eins og Andri Snær ræðir í “Um tímann og vatnið”. Með okkur var prófessor í jöklafræði sem gat einnig lagt mikið til málsins og var frábær í því að deila sinni ástríðu fyrir jöklum. Hennar hugmynda-

fræði um að maður þurfi að skilja og sjá jökla til þess að geta elskað þá og fundið baráttuvilja til að vernda þá virkar afskaplega vel. Margir krakkar fóru frá jöklinum með undur og ást fyrir jöklum í hjarta. Einnig lagði hún til að krakkarnir myndu dreifa sér og halda þögn í eina mínútu þar sem þau fengu tækifæri til að hlusta á jökulinn og þögnina, hlusta á sínar tilfinningar og njóta.

Umræður



Í byrjun ferðar var rætt saman um væntingar voru ræddar, fyrirgefnar hugmyndir og tilfinningar. Í lok ferðar var einnig tekið “de-brief” þar sem allir deildu sínum tilfinningum, hlutum sem þau lærðu, hugmyndum og upplifunum. Það fannst mér virka afar vel, gaf þáttakendum tíma til að staldra við og spyrja sig hvað þeim fannst um daginn. Einnig tók hópurinn umræðu um lausnir og framtíðina í umræðuhópum þegar haldið var heim, sem virkar ákaf vel til þess að hvetja fólk til aðgerða, og vekja til umhugsunar hvað þau geta gert í sínu samfélagi. Umræðurnar voru skiptar í 4 hópa, þar sem hver og einn hópur ræddi mismunandi hluti. Ég hvet alla hópa að taka sér tíma í umræðu, því að eftir að hópurinn kláraði fékk ég tölvupóst frá nokkrum krökkum þar sem þau segja frá hversu innblásin þau voru eftir umræðuna, og lýstu yfir nýjum áhuga á samfélagsbreytingum gegn loftslagsbreytingum.

Spurningarnar sem við ræddum voru eftirfarandi:

1. Hvað get ég gert sem einstaklingur til að stuðla að sjálfbærni?
2. Hvað geta samfélög gert til að ýta undir sjálfbærni?

3. Hvernig sérð þú fyrir þér samfélagið okkar eftir 50 ár? Hvaða orkugjafa notum við, hvernig ferðumst við, hvernig lítur lífið okkar út þegar við erum búin að sigrast á loftslagsbreytingum?
4. Hvernig sérð þú fyrir þér samskipti okkar við náttúru og mannkyn eftir 100 ár, þegar barnabörn okkar eru orðin fullorðin? Hvað mun þeim finnast um okkar tíma?
5. Hvar heldur þú að flöskuhálsinn að breytingum sé? Hvað þarf að gerast til þess að heimurinn geti tekið til róttækra aðgerða?

Eftir á deildu hópmeðlimir niðurstöðunum með hópnum. Svipaður dagskrárliður eftir jöklaleiðangur sem hefur menntatilgang væri jákvæður hlutur.

Ísklifur og myndatökur

Eitt sem mér fannst magnað var að sjá hversu mikið krakkarnir tóku við sér þegar þau fengu að læra eitthvað nýtt eins og ísklifur og myndatökur. Þau valdeflast af nýju trausti í sjálfum sér, og nýta mögulega það traust til þess að taka til aðgerða. Þótt að loftslagsbreytingar séu mikilvægt umræðuefni skiptir einnig afar miklu máli að eiga góðar minningar á jöklinum þar sem “innra barnið” fær að koma út og leika.

Annað

Eitt sem mér fannst áhugavert er að eftir ferðina var farið heim og grillað hamborgara. Sumir í hópnum voru grænmetisætur en lítið var til af hlutum til þess að elda fyrir þá, en nóg var til af kjöti. Þótt að það sé ekki hægt að dæma neinn fyrir sitt neyslumynstur þá er áhrifaríkt þegar hópur af fólki prófar t.d. grænkerafæði saman, sérstaklega eftir að vera að ræða loftslagsbreytingar. Að minnsta kosti finnst mér að grænkeru valmöguleikar ættu að vera til í jafn auknum mæli, ef einhverjir hópmeðlimir vilja prófa eftir umræðu um okkar hlut í sjálfbærum lífsstíl.

Ice guide - Kayakferð

Ferðafyrirtækið Iceguide býður meðal annars upp á kayakferðir á Heinabergslóni. Óskar, leiðsögumaður okkar keyrði með okkur að lóninu á meðan hann sagði frá náttúru, flóru og jöklum. Þegar komið var að lóninu voru grunntökin kennd og gestum boðið að fara út á vatnið. Siglt var á milli ísjaka, stoppað á einum og litast um.

Leiðsögn og frásögn

Ísjakarnir eru töfrandi fyrir ferðamönnum, það að fá að upplifa að rekast á einn og sjá hvernig þeir hreyfast er eftirminnilegt. Leiðsögumennirnir stóðu sig einmitt svo vel í því að útskýra hvernig ísjakarnir búa til og loka á leiðir, sem lætur lónið vera “lifandi”. Á einhverjum tímupunkti þá stoppuðu leiðsögumennirnir ferðina og tóku smá spjall um loftslagsbreytingar. Rætt var um hopun Heinabergsjökuls, og það var gert alveg ljóst hver sökin væri, loftslagsbreytingar og mannleg áhrif þess, flottur raunsær tónn var í leiðsögumönnum og ekkert var verið að tala í kringum sökina. Sá hluti var “staðlaður” hluti ferðarinnar, eitthvað sem Óskar útskýrði svo seinna



ad væri nauðsynlegt að vera staðlað og „afgreitt“ fljótt, því annars kvarti fólk yfir því að rætt sé um loftslagsbreytingar í skemmtiferð. Kannski í sumum ferðum býður hópurinn upp á meira lifandi samtal og spurningar, en allir hópar fá samt útskýringu á loftslagsbreytingum sem er jákvætt. Það mætti hugsa aðeins og gera mögulega tilraunir á hvort virki best, annaðhvort staðlað spjall um loftslagsbreytingar, eða meiri lifandi samræða, þar sem vísindi og loftslagsbreytingar eru meira ofin inn í aðrar umræður.

Annað

Ferðin var í heild sinni frábær, og ferðamenn klárlega með betri skilning á ísjökum og jökullónum eftir ferðina. Kannski væri hægt að virkja ferðamenn aðeins meir með því til dæmis að saman taka gisk á hvað ísjaki sé þungur eða stór, hvar hann endi, hvað sé að innan eða hvað tekur hann langan tíma að bráðna. Með því að ferðamenn fá á tilfinninguna að þeir hafi lært einhverja hæfni í náttúrulesningu, þá stækkar sjónarhorn þeirra með hvernig þeir horfa á náttúruna, forvitini eykst, þekking eykst, og með því vitund á mikilvægi náttúru.



Local Guide - Gönguferð

Ferðafyrirtækið Local Guide býður upp á göngur um Höfn á Hornafirði þar sem sagt er frá áhugaverðum hlutum um bæinn, náttúruna í kring, náttúruhamfarir, framtíð Hafnar og fleira. Kosturinn er sá að allir aldurshópar og öll líkamleg getustig geta farið í ferðina og fræðst, því ekki er mikið um þrekraunir eins og í öðrum ferðum.

Leiðsögn og frásögn

Hulda, leiðsögumaðurinn, leiðir gesti áfram í gegnum Höfn á Hornafirði og byrjar á frásögnum um hvernig bæinn byggðist upp, ásamt atvinnulífi, fiskimiðum og þróun landsins. Ljóst er að Hulda er afskaplega fær leiðsögumaður því hún stendur sig frábærlega í því að miðla vísindaupplýsingum. Til dæmis útskýrir hún landris í kjölfar bráðnunar jökla svakalega vel, og þeim áhrifum sem það er að hafa á fiskveiðar á Höfn, ef höfnin verður allt í einu ekki nógu djúp fyrir skipin. Klárt er frá frásögn Huldu að maðurinn og náttúran hafa þurft að búa saman náið í samvinnu og togstreitu í gegnum alla tíð, og munu halda áfram að gera það um alla tíð.

Annað

Í lok ferðar var boðið upp á smáréttaplatta með kræsingum úr sveitinni, þar af humarsúpan fræga frá Höfn. Ég hafði heyrt eitthvað um það að humarinn á Höfn hafi verið ofveiddur og því spurði ég hvaðan humarinn í súpunni væri, og þá var svarið að hann sé innfluttur frá Danmörku. Sagan af því hvernig fiskimenn ofveiddu humarstofninn á Höfn gæti verið merk saga að segja frá því þar er maðurinn að hafa áhrif á náttúruna með mjög sýnilegum hætti, sem hefur þá sem afleiðing, áhrif á bæinn. Það virðist vera eins og óskrifuð regla í ferðamennsku á Íslandi að það sé aðeins talað um jákvæðu hlutina við Ísland, hvað við séum hrein og umhverfisvæn og allt sé töfrandi. Að mínu mati mætti tala meira líka um okkar mistök og þá í þessari ferð til dæmis, um ofveiði humarsins, sem á að vera einkennisdýr Hafnar. Í heildina var ferðin samt frábær, og Hulda einstaklega góð í að tengja saman náttúruvísindi og manninn.

Atriði sem allir jöklaleiðsögumenn gætu haft í huga

Hopun jökla

Loftslagsbreytingar hafa það mikil áhrif á jökla í dag að það mætti teljast óvísindalegt að ræða jökla án þess að ræða loftslagsbreytingar, og ætti alls ekki að virðast sem “skylda” eða bara eitthvað til þess að tékka í box. Leiðsögumenn standa frammi fyrir vali, ef þeir vilja halda áfram að vinna við að leiðsegja, er nauðsynlegt að allir geri sitt og hvetji til aðgerða. Hopun jökla er augljós og merkt að nefna þegar staðið er á góðum útsýnispunkt.

Að segja sögu

Þegar leiðsögumenn geta tengt loftslagsbreytingar við sína eigin lífssögu eða atburði margfaldast áhrif frásagnarinnar. Að tengja stórt og yfirþyrmandi vandamál við líf manneskju skýrir vandamálið fyrir fólki. Ekki er hægt að ætlast til þess að allir leiðsögumenn geti sagt sögu enda ekki allir sem alast upp í nánd við jökla, en þeir sem geta sagt frá sögu gætu vel nýtt þær.

Miðlun loftslagsbreytinga fyrir krakka

Þegar kemur að því að tala um hamfarahlýnun þarf að fara varlega, því að viðbrögðin geta verið óttaslegin. Algennt er að ungmenni í dag þjáist af loftslagskvíða, kvíða um loftslagið og framtíð okkar. Þótt að sumir séu kvíðnir fyrir slíkum viðburðum er samt mikilvægt að tala um þá í opnu umhverfi þar sem fagfólk er til staðar. Þetta eru þrjú atriði sem ætti að hafa í huga þegar talað er um loftslagsbreytingar fyrir ungmenni:

- 1. Lausnir eru ræddar samhliða vandamálinu.** Ef afleiðingar loftslagsbreytinga eru ræddar sem án lausna getur vonleysistilfinning komið upp sem hvetur mann til þess að gefast upp. Með því að ræða lausnir samhliða er undirstrikað að við getum tekist á við vandamálið
- 2. Jákvætt að kenna nýja hæfileika.** Þegar ungmenum er kennt t.d. ísklifur á jöklinum eða hvernig á að lesa jöklamynstur fá þau að vaxa og líður öruggari á jöklinum. Þá er jökullinn heimalegri, ekki eins óttalegur og eins og vinur, einhver til þess að vernda.
- 3. Samband ræktað við náttúru.** Að fá að upplifa óspillta náttúru er eitthvað sem ekki allir fá að gera og getur oft verið einkum helg upplifun. Að gefa tíma fyrir þögn, eða endurspeglunar æfingu er jákvætt, og leyfir fólki að kafa dýpra.
- 4. Tími er settur í samhengi við mannlíf.** Þegar gefið er dæmi um breytingar á löngu tímaskeiði er erfitt að ímynda sér hvað það þýðir. Með því að tengja það við t.d. líf ömmu og afa er hægt að tímasetja breytingar í náttúrunni betur

Annað og lokaatriði

Yfirlýsing

Eitt sem kom endurtekið upp var hvað leiðsögufyrirtæki gætu gert aukalega í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Það sem einkennir leiðsögumenn er að þeir þekkja svæðið og jöklana betur en allir og sjá skala og hraða breytinganna betur en allir aðrir. Sú hugmynd kom upp að jöklaleiðsögumenn myndu samanlagt skrifa undir yfirlýsingu þar sem stjórnvöld og einkaaðilar eru hvattir til að taka til stórauðna aðgerða. Sú yfirlýsing gæti rætt að það er ekki nóg að vernda Íslenska náttúru, því loftslagsbreytingar virða ekki mörk þjóðgarða, heldur hafa áhrif allstaðar. Ef Ísland vill halda áfram að byggja efnahag sinn á ferðaþjónustu er nauðsynlegt að gríða til stórauðna aðgerða, því störf ferðaþjónustuaðila gætu verið í húfi.

Samkomulag um 5 mínútur

Önnur hugmynd sem kom upp er að öll jöklaleiðsögufyrirtæki ákveði að eyða 5 mínútum af hverri ferð í að ræða loftslagsbreytingar. Leiðsögumenn sumir nefna að ferðamenn lýsi yfir óánægju þegar loftslagsbreytingar eru nefndar, því að þeir séu hér komnir til að njóta, en ekki hlusta á fyrirlestur. Þetta gæti verið tæklað með samkomulagi um að ræða þetta mál, því þá geti leiðsögumenn sagt við ferðamanninn að þetta sé hluti af stefnu leiðsögufyrirtækja í kringum Vatnajökul. Einnig þarf tíminn ekki að vera nýttur einungis í að útskýra loftslagsbreytingar, heldur einnig vistkerfin, landris, ísöldina og fleira.

Leiðsögugeirinn í heild sinni

Þegar litið er á geirann þá er ljóst að langflestir sýna ákafan vilja í náttúruvernd og í baráttunni gegn loftslagsbreytingum sem við getum verið þakklát fyrir. Jöklaleiðsögumönnum er annt um náttúruna, þótt að smávægisatriði mættu betur fara. Leiðsögugeirinn er tiltölulega nýr á Íslandi, og tækifæri er því til þess að móta menninguna og hefðir. Þessvegna tel ég verkefnið um þróun vísindaferða vera mikilvægan þátt í að byggja upp ferðaþjónustu sem langtímaatvinnugrein í kringum Vatnajökul. Stundum fær maður samt sem áður þá tilfinningu að tækifærissinninn í Íslendingum og fyrirtækjaeigendum fái stundum að ráða för og að hagnaður skipti mestu máli. Sú menning er hinsvegar ekki endanleg, því geirinn er svo ungur og enn tækifæri til að breyta. Allir fjárfestar og leiðtogar heims eru sammála um það að fyrirtæki sem taka ekki skýra afstöðu gegn loftslagsbreytingum muni tapa á því, og er mikilvægt að undirstrika það.

Tillögur til verkefnisins

- Ýta undir menntun í leiðsögumannasamfélaginu** með ráðstefnum og vinnustofum þar sem leiðsögumönnum gefst tækifæri að læra um vísindin á bak við náttúruna.
- Gefa út bækling um loftslagsbreytingar fyrir leiðsögumenn** og annað efni sem leiðsögumenn geta t.d. nýtt í sínum störfum, sent út til kúnna eftir ferð.
- Sameiginleg yfirlýsing gefin út** þar sem leiðsögumenn fá tækifæri til að skrifa undir hvatningu til stjórnvalda að taka til aðgerða vegna áhrifa sem við sjáum á náttúruperlum okkar.